

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 325

apríl 2021



Ljósmynd: Friðgeir H. Guðmundsson



We Serve

Apríl 2021. Blað nr. 325

THE LION IN ICELANDIC

Fjölumðæmi 109

Multiple District 109 Iceland

Opinbert málgagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku,grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

FJÖLUMDÆMI 109

Timaritíð Lion kemur út sex sinnum á ári, fjögur prentuð blöð en tvö aðeins í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir



FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2020-2021

Fjölumðæmisstjóri: Björn

Guðmundsson, Lkl. Hængur

Umdæmisstjóri 109A: Jónas Yngvi

Ásgrímsson, Lkl. Dynkur

Umdæmisstjóri 109B: Anna Blöndal

Lkl. Ylfa settur umdæmisstjóri

Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi

Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Árnason,

Lkl. Vítaðsgjafi

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Ellert

Eggertsson., Lkl. Hafnarfjarðar

Vara fjölumðæmisstjóri: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Búðardals

Protokol- og þingstjóri: Kristinn

Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar

Fríðriksson, Lkl. Hængur

Kynningarstjóri: Ellert Eggertsson,

Lkl. Hafnarfjarðar

Umhverfisstjóri: Ásgeir Þór Ásgeirsson,

Lkl. Hængur

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Búðardals

Netstjóri: Sigurður Steingrímsson,

Lkl. Vítaðsgjafi

GLT stjóri (menntun og

leiðtogaþjálfun): Halldór

Kristjánsson,

Lkl. Ásbirni

GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun):

Geirþrúður Fanney Bogadóttir,

Lkl. Æsa

GMT/konur í Lions: Sigfríð

Andradóttir, Lkl. Búðardals

GST stjóri: (verkefni) Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán

NSR-AU nefndarmaður: Jón Pálmason,

Lkl. Viðarr

Lestraráttaksstjóri: Dagný S. Finnsdóttir,

Lkl. Úa

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnar-

maður, Lkl. Mosfellsbæjar

Hjálparstjóri: Hördur

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri (og verkefna):

Pálmi Hannesson, Lkl. Garður

Laganefnd (form.): Gissur Júní

Kristjánsson, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Kristinn Hannesson,

Lkl. Mosfellsbæjar

LCIF/IPIP: Guðrún Björt Yngvadóttir,

Lkl. Eik

Lions Quest stjóri: Hrund Hjaltadóttir,

Lkl. Fold

MedicAlert stjóri: Laufey Jóhannsdóttir,

Lkl. Eik

Menningarstjóri: Jóhanna

Valdemarsdóttir, Lkl. Kaldá

New Voices stjóri: Íris Bettý

Alfreðsdóttir, Lkl. Keili

Formaður Kjaransorúnefndar. Björg

Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Formaður þingnefndar: Stefán

Árnason, Lkl. Vítaðsgjafi

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi


Fjölumðæmisstjórn:



Björn Guðmundsson, fjölumðæmisstjóri. Björn er félagi í Lionsklúbbnum Hæng. Ef þú þarft að hafa samband við hann þá er netfang hans: bjorn@byggd.is



Jónas Yngvi Ásgrímsson, umdæmisstjóri 109 A. Jónas er félagi í Lionsklúbbnum Dynk. Ef þú þarft að hafa samband við hann þá er netfang hans: jonasy@simnet.is



Anna Fr. Blöndal, settur umdæmisstjóri 109 B. Anna er félagi í Lionsklúbbnum Ylfa. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: annabl@simnet.is

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingbergisdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Kristín

Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla

Varaumðæmisstjóri 109A: Þóra Bjarney

Guðmundsdóttir, Lkl. Eir

Varaumðæmisstjóri 109B: Anna Fr.

Blöndal, Lkl. Ylfa

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A: Íris

Bettý Alfreðsdóttir, Lkl. Keili

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B:

Sigurður Steingrímsson,

Lkl. Vítaðsgjafi

Framkvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2020 – 2021:

International President: Dr. Jung-Yul

Choi, Suður Kórea

Immediate Past President: Guðrún

Björt Yngvadóttir, Ísland

First Vice President: Douglas X.

Alexander, USA

Second Vice President: Brian E.

Sheehan, USA

Third Vice President: Dr. Patti Hill,

Canada

First Year Directors:

Michael D. Banks, United States;

Robert Block, United States;

Kyu-Dong Choi, Korea;

Larry L. Edwards, United States;

Justin K. Faber, United States;

Allan J. Hunt, Canada;

Daniel Isenrich, Germany;

Bent Jespersen, Denmark;

Masayuki Kawashima, Japan;

Dr. Jose A. Marrero, Puerto Rico;

Nicole Miquel-Belaud, France;

VP Nandakumar, India;

Judge Christopher Shea Nickell, United

States;

Sampath Ranganathan, India;

Marciano Silvestre, Brazil;

Masafumi Watanabe, Japan;

Guo-jun Zhang, China.

Second Year Directors:

Muhammad Adrees, Pakistan;

Qazi Akram Uddin Ahmed,

Bangladesh;

Shoichi Anzawa, Japan;

Billy J. (B.J.) Blankenship, United States;

Gary F. Brown, United States;

Rodolfo Espinal, Dominican Republic;

Liao-Chuan Huang, MD 300 Taiwan;

Jongseok Kim, Korea;

Dr. Nawal Jugalkishor Malu, India;

Geoffrey Leeder, England;

Mark S. Lyon, United States;

Heimo Potinkara, Finland;

JP Singh, India;

Steve Thornton, United States;

Juswan Tjoe, Indonesia;

A. Geoffrey Wade, United States;

Dr. Walter Zermosser, Austria

Upplag: 1000 eintök – Þökkun og

dreifing: Lionsskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlarent ehf.

Forsíðumynd: Friðgeir H.

Guðmundsson, Lionsklúbb

Hafnarfjarðar



Ritstjórnargreinin

Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er fimmta tölublað starfsársins komið út sem eingöngu er gefið út rafrænt.

Enn hefur vágæsturinnur Covid-19 vaxið fiskur um hrygg og þegar þetta er skrifað er talið að fjórða bylgja sé hafinn hér á Íslandi. Þetta eru afar slæmar fréttir fyrir okkur þar sem starfsemin var að komast í eðlilegt horf hjá klúbbnum og yfirstjórnnum hreyfingarinnar. Til dæmis var áætlað að fjöl- og umdæmisstjórna fundur hefði átt að vera í Lionsheimilinu helgina sem nú er að líða en gat ekki orðið þar sem sóttvarnarreglur hafa verið hertar til muna og aldrei verið strangari. Eins og þið flest vitið þá er áætlað að þingið okkar á Íslandi verði haldið á Akureyri 14. og 15. maí. Því miður gæti það einnig verið í hættu með að það geti farið fram á þann hátt að félagar mæti til þings. Þingið

verður auðvitað en með hvaða hætti kemur í ljós síðar og verður það vel auglýst. Þetta á bæði við þinghald og svo skóla embættismaða.

Í síðasta blaði var því miður birt rangt nafn við ljósmyndara á forsíðumyndinni og bið ég hlutadeigandi afsökunar á því. Myndina tók Guðmundur Jónsson, Lionsklúbbnum Bjarna og er hann sérstaklega beðinn forláts á þessum mistökum.

Ég ætla eftir sem áður að hvetja ykkur kærur félagar til að senda inn greinar í blaðið því blaðið stendur og fellur með ykkur. Nokkrir klúbbar hafa til dæmis verið að senda inn frásagnir af gömlum verkefnum með myndum og tel ég það vera komið til að vera í blaðinu og er ég þess fullviss að þannig greinar eiga eftir að berast löngu eftir að við erum laus við Covid, eða svo vona ég í það minnsta.

Ljósmyndasíðan okkar er enn á sínum stað þó hún sé minni en í síðustu skipti. Ég vona að þið ágætu félagar takið nú til hendinni og sendið inn myndir í hana sem og greinar í síðasta blað þessa skrátna starfsárs sem kemur út í júní. Að þessu sinni var það Friðgeir H. Guðmundsson í Lionsklúbba Hafnarfjarðar sem tók forsíðumyndina.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskvæðu, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Finndu orkuna

Pistill Alþjóðaforseta



Sælir lionsfélagar,
Í Busan er mars tími ársins þegar allt byrjar að hlýna aftur eftir veturinn. Dýralíf fer að verða meira áberandi og fuglar fljúga úr hreiðrum sínum og við sjáum meira og meira af fólki á göngu um göturnar og njóta góða veðursins eftir harðan vetur. Það er orka í loftinu þegar allt byrjar að koma aftur til lífs, jafnvel á þessum krefjandi tímum. Það var og er enn, sem ég finn fyrir hversu mikil þörf er og tilgangur fyrir lionshreyfinguna.

Þó að það sé ekki að koma vor í öllum heimshlutum þá finnum við engu að síður fyrir mikilli þörf fyrir að fyllast eldmóði og orku jafnvel þó að árstíðin sé önnur. Ég sé klúbba sem hafa verið að vinna ótrúlega vinnu nú þegar árið 2021. Klúbbar hjálpa til við að skipuleggja bólusetningaráætlanir, klúbbar sem fæða hungraða og klúbbar sem virkja meðlimi í nýstárleg verkefni og vinna hörðum höndum við þau verk sem og önnur. Það er alveg sama

hvernig veðrið er, ég finn alltaf orku frá lionsfélögum alls staðar í heiminum.

Eins og alltaf er ég ævinlega þakklátur og stoltur af því að vera lionsfélagi. Ég hlakka til að sjá vinnusemi og orku lionsfélga út um allan heim það sem eftir lifir árs.

Einlæglega
Dr. Jung-Yul Choi
Alþjóðaforseti, Lions Clubs International

Þýðing: Þorkell Cýrusson



Fjölumdæmisþing í Akureyri 14. - 15. maí 2021

Framboð til embættis „Coordinators Norræna samstarfsráðsins“

Óskað hefur verið eftir því að MD 109 Ísland, kjósi, Coordinator fyrir Norræna samstarfsráðið, á fjölumdæmisþingi 2021, svo hægt sé að tilkynna nafn á viðkomandi á NSR í janúar 2022.

Peir einir eru kjörgengir til embættis „Coordinators“ sem hafa gegnt embætti umdæmisstjóra og hafa auk þess reynslu af starfi NSR. „Coordinator“ þarf að vera góður í ensku, bæði í ræðu og rituðu máli. Hann þarf einnig að geta átt samskipti á Norðurlandamálum.

„Coordinator“ heyrir undir Norræna samstarfsráðið og vinnur eftir samþykktum NSR og samkvæmt „NSR Arbetsrutiner“ og „NSR Målsättning“. Helstu verkefni „Coordinators“ er að skipuleggja og samhæfa viðburði norrænna Lionsfélaga á alþjóðþingum.

Starfstíminn er 2022-2024, þannig að „Coordinator“ frá Íslandi ber ábyrgð á viðburðum á alþjóðþingum 2023 og 2024, en alþjóðþingið 2022 er til þjálfunar. „Coordinator“ sækir NRS árin 2023-2025 og alþjóðþing árin 2022-2024.

Tillögur um framboð til embættis „Coordinators“ fyrir starfsárið 2022-2024 skal senda fjölumdæmisritara fyrir 20. apríl 2021.

Með Lionskveðju
Björn Guðmundsson,
fjölumdæmisstjóri 2020-2021

Skilafrestur á efni í næsta blað er 20. maí

Lóan er komin að kveða burt snjóinn

Björn Guðmundsson

Fjölumðæmisstjóri MD 109



Núna um helgina þá kom lóan, á sama tíma kólnaði yfir landinu, víða voru veðurviðaranir gular og appelsínugular auk þess sem snjóaði. Í vikunni blossaði upp kórónuveirusmit þannig að við erum allt í einu komin á svipaðan stað og við vorum fyrr í vetur með verulegar hömlur á okkar lífi. En lóan gefur okkur alltaf von og við treystum því að hún kveði ekki bara burt snjóinn heldur kveði hún veiruna í kúttinn.

Undanfarið höfum við engu að síður verið svo lánsöm að við höfum getað lifað nokkuð venjulegu lífi hér innanlands. Klúbbarnir okkar hafa verið að funda og víða hafa verið teknir inn nýir félagar vonandi heldur þessi ánægjulega þróun áfram og ekki komi bakslag í starfið eins og vorið og veiruna.

Þrótt mikið starf er unnið víða í hreyfingunni og langar mig að segja frá nokkrum verkefnum og atburðum sem eru í undirbúningi og skoðun fyrir næsta starfsár. Starfsárið sem við berum

væntingar til að verði eðlilegt, enda býið að bólusetja sem flesta landsmenn.

Rauð fjöður 2022

Á fjölumðæmisþingi í Keflavík vorið 2018 var samþykkt að landssöfnun undir merkjum Rauðu fjaðrarinnar færi fram hið minnsta á þriggja ára fresti. Síðast var safnað vorið 2019, fyrir augnbotnamyndavélum. Þetta þýðir að næsta söfnun á að fara fram vorið 2022. Hafinn er undirbúningur undir söfnunina með því að leitað hefur verið til fjögurra samtaka um hugmynd að verkefni og ósk um samstarf. Gengið er út frá því að stofnaður verði vinnuhópur með þátttöku stuðningshafanna til þess að ná sem bestum árangri. Vonandi getum við lagt fyrir þingið okkar í maí tillögur sem að þingfulltrúar geta valið um. Kynning á verkefninu fer síðan fram allt næsta starfsár. Það er mjög mikilvægt að við náum góðum árangri í þessari söfnun við þurfum að bæta við fleiri aðferðum til að ná árangri, ekki eingöngu að mæta í verlanir heldur einnig að verið netlausnir og virka fyrirtækjasöfnun.

NSR á Íslandi 2022

Á næsta starfsári fer Ísland með formennsku í hópi fjölumðæmisstjóra Norðurlandanna. Við leiðum því norræna samstarfið á næsta ári. Það er mikið verkefni og þurfum við að styðja við bakið á Þorkeli Cýrussyni viðtakandi fjölumðæmisstjóra og Jóni Pálmassyni sem formanni OC hópsins. Í janúar verður NSR þingið haldið í Reykjavík og hefur þegar verið stofnuð þingnefnd sem leidd er af Halldóri Kristjánssyni. Það er mikil áskorun fyrir okkur að halda þingið eftir frábært finnst rafrænt þing. Ég ber fullt traust til hópsins sem heldur utan um málið fyrir okkar hönd og ég veit að þar er valinn maður í hverju rúmi.

Norrænar sykursjúkibúðir fyrir ungmenni

Á vettvangi Norðurlandasamstarfsins er unnið að því að koma á norrænum sumarþingum fyrir sykursjúk ungmenni. Fyrirmyndin eru finnskar búðir sem haldnar voru fyrir 2-3 árum. Lagt er upp með að búðirnar verði haldnar fyrst í Finnlandi 2022 og færast síðan til Íslands 2023, það er þó ekki ákveðið en venjuleg röðun Norðurlandanna er þannig að við komum á eftir Finnunum. Við höfum þegar fundað með Dropanum félagi aðstandenda sykursjúkra og óskað eftir samstarfi. Þeim finnst hugmyndin spennandi og vilja vinna að þessu verkefni með okkur. Það er mínu mati mikill styrkur að vinna með hinum ýmsu hagsmunasamtökum þannig náum við meiri árangri.

Vatn fyrir börn

Síðasta verkefnið sem ég ætla að segja ykkur frá er hugmynd sem kviknaði um fjársöfnun sem tengd yrði Evrópuþingi Lions þar sem norrænu löndin myndu hjóla á Evrópuþing og safna um leið fjármunum til að tryggja vatn í Sómalíu í samvinnu við Lions í Svíþjóð. Ekki hefur verið ákveðið að ráðast í verkefnið en það er þó til skoðunar og er afar spennandi að sjá hvaða stefnu það tekur.

Það er því margt sem unnið er að þrátt fyrir skriftið ástand undanfarna 13 mánuði. Ég er viss um að klúbbarnir okkar og svæðin hafa einnig margar góðar hugmyndir að verkefnum fyrir okkur í undirbúningi. Verum minnug þess að verkefni eru helsta kynning hreyfingarinnar bæði innvið og útvíð.

Ég sendi Lionsfélögum öllum og fjölskyldum þeirra bestu vorkveðjur með þakklæti fyrir veturinn sem er að líða.

Hugleiðing félaga í Lions

Gaman að renna í gegnum síðasta ár í huganum og svona taka saman hvað maður hefur lært á þessu „fordæmalaus ástandi“ eins og svo margir hafa kallað þetta Covid vesen sem heimurinn hefur gengið gegn um. Ef einhver hefði sagt við mig í byrjun síðasta árs að ég ætti eftir að vera með grímu á andlitinu og angandi af sprittlykt þá hefði ég kallað viðkomandi „fordæmalaus vitlausan einstakling“. En svona er raunveruleikinn í dag og því miður útlit fyrir að ekki sé alveg séð fyrir endann á þessu veseni. En þeir sem hafa haft það hlutverk að halda úti félagsstarfi eins og

t.d. Lions hafa á einhvern hátt náð að halda sjó í þessu ástandi og hafi þeir þökk fyrir. Flestir lionsfélagar fara ekki lengur með hausinn á kaf í sandinn þegar þeir heyra orðið Zoom fundur heldur bíða spenntir eftir að setjast niður fyrir framan tölvuna (með sjónvarpið á ef landsleikur er á sama tíma) og taka fullan þátt í fundarstarfinu. Það sem ég hafði einna mest gaman af var þegar við, félagarnir í karlklúbbi Lions Mosfellsbæ, slóum okkur saman með Úunum, kvennaklúbbnum Mosó og söfnuðum birki-fræjum. Þá fann maður hvað söknuðurinn eftir því að umgangast félaganna var orðinn sterkur.

Nú erum við farnir að hittast aftur í klúbbnum mínum vegna aðeins léttari sóttvarna (en auðvitað með ströngum annmörkum) enda eins gott því að ég sá að lionsfélagi nr. 1 í Mosó, hann Kiddi er með vökul augu á að allt sé í lagi enda maðurinn með u.þ.b. tonn af gleraugum heima hjá sér (alltaf flottur hann Kiddi).

Kæru félagar góðar Lions stundir.

Kveðja,
Jóhann Ragnarsson
Lionsklúbbi Mosfellsbæjar.

Rafrænt Alþjóðafing Lions

Guðrún Björt Yngvadóttir

Fyrrverandi Alþjóðaforseti Lions
Formaður Alþjóðahjálparsjóðsins



Alþjóðafingið rafrænt

Vegna COVID-19 verður Alþjóðafing Lions „LCICon“, sem halda átti í Montreal, haldið rafrænt 25.-29. júní 2021. Skráningargjaldið er 50 dollarar til 31. mars, en eftir það 75 dollarar. Kosning æstu stjórnenda og alþjóðastjórnar, ásamt lagabreytingum verður rafræn. Til að geta kosið og tekið þátt í viðburðum þarf að skrá sig, greiða skráningargjaldið og gefa upp netfang.

Skráning: <https://www.mcisemi.com/lci2021/registration/registration.html>



Fjölbreytt dagskrá

Við hvetjum sem flesta til að taka þátt og upplifa fjölbreytta viðburði þingsins, þar á meðal:

- Heimsækja sýningarhöllina, kíkja í sýningarbásana, hitta starfsfólk og félagar og sjá nýjungar.
- Tengjast og ná sambandi við Lionsfélaga frá öllum heimshornum.
- Fara á námskeið, búa sig undir næsta starfsár, fá nýjar hugmyndir og læra um ný verkefni.
- Að njóta skemmtiatriða á heimsmaelikvarða.
- Hlusta á leiðtogana okkar og gestafyrirlesara.



Aðalfyrirlesari Malala Yousafzai

Alþjóðafing Lions hafa í heila öld verið mikil hvatning fyrir Lionsfélaga, vegna fræðslu, skemmtana og gestafyrirlesara á heimsmaelikvarða. Í ár er séstakur heiður að geta kynnt einstakan ræðumann sem hefur veitt heiminum innblástur. Það eru ekki margar ungar konur sem hafa lifað af morðtilraun eða orðið yngsti friðarverðlaunahafi Nóbels, aðeins 17 ára gömul. Jafnvel með öllum afrekum sínum telur Malala sig ekki neitt óvenjulega. Með stolti bjóðum við Malala Yousafzai velkomna á LCICon 2021.



Vertu með

Við hvetjum Lionsfélaga til að nýta þetta einstaka tækifæri. Klúbbbar eru hvattir til að njóta þessa viðburða saman, gjarnan á stórum um skjá eða tjaldi. Taka þátt í alþjóðafingi, gera úr þessu virkilega árshátíð og setja í embætti nýjar klúbbstjórnir og aðra embættismenn. Sumt verður sýnt á myndböndum, sem hægt verður að nálgast á ýmsum tímum. Öðrum viðburðum verður streymt á ákveðnum tímum, með samtímatúlkun og eitthvað verður gagnvirk, með möguleika á myndatöku. Þetta verður fræðsla, hvatning og alþjóðlegu upplifun, reynt að halda gömlum hefðum í heiðri og nýta tæknina til að gera enn meira.



Skrúðganga þjóðanna

Einn vinsælast viðburður á hverju alþjóðafingi er skrúðganga þjóðanna, þar sem ríkir stuð og stemning. Lionsfélagar mæta í einkennis- eða þjóðbúningum, bera þjóðfána með stolti, syngja og dansa. Núna verður hin sögulega, fyrsta rafræna skrúðganga Lions. Þáttökulöndin senda inn myndbönd af sinni skrúðgöngu sem útbúin er heima fyrir og kynna sig með stolti. Öllum myndböndunum er steipt saman í eina skrúðgöngu, þannig að ráðstefnugestir geta notið þess að horfa á allar þjóðir heims marsera eftir skjánum þeirra.



Samkeppni

Þjóðirnar geta keppt til verðlauna í 6 flokkum, sem eru:

- Sviðsetning eða framsetning t.d. dans og hreyfingar.
- Tónlist: Söngur og hljóðæraleikur.
- Búningar: Litríkir þjóðbúningar og stílhreinir einkennisbúningar og jafnvel fleira.
- Frumleiki: Nú er nægt að fara nýjar leiðir, gera eitthvað sem ekki er hægt venjulega.
- Bakgrunnur: Einkennandi bakgrunnur, landslagi eða byggingum sem lýsir heimalandinu.



Alþjóðlegu upplifun

Þetta er einstakt tækifæri fyrir þá sem ekki hafa haft tíma eða heilsu eða ráð til að ferðast yfir hálfan hnöttinn til að njóta alþjóðafinga. Þó að það séu vonbrigði að geta ekki haldið þing með hefðbundnum hætti, er gaman að geta boðið Lionsfélögum að njóta netalþjóðafingingsins, sem fræðir, hvetur og tengir Lionsfélaga um allan heim með öruggum hætti. Nánari upplýsingar: <https://lciicon.lionsclubs.org/>

Guðrún Björt Yngvadóttir



**Lions Clubs International
FOUNDATION**

Lionsklúbbur Vestmannaeyja

Samið um rekstur augnlæknastofu í Vestmannaeyjum



Föstudaginn 5. mars 2021 var undirritaður í húsnæði augnlæknastofu Sjónlags hf. í Reykjavík samstarfssamningur milli HSU í Vestmannaeyjum og Sjónlags hf. um rekstur augnlæknastofu í húsnæði HSU í Vestmannaeyjum. Þetta er stórt skref til að bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Stjórnvöld komu að verkefninu með veglegum styrk út frá nýsköpunargildi og nútímavæddri augnlæknaþjónustu og með því skapast tækifæri á að minnka kostnað hins opinbera og kostnað landsbyggðafólks sem ekki þarf lengur að leita eftir slíkri þjónustu í Reykjavík.

Augnlæknastofan í Vestmannaeyjum er mjög stórt verkefni og er heildarkostnaður á aðstöðu og tækjabúnaði upp á tæpar 35 milljónir króna.

Alþjóðahjálparsjóður Lions International LCIF kom með alls Kr. 12.263.000,00

Fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar í Vestmannaeyjum alls Kr. 12.242.000,00

Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Heilbrigðisráðuneyti,

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti veittu styrk til HSU í Vm. alls Kr. 9.950.000,00

Sigmar Georgsson og Óskar Pétur Friðriksson voru fulltrúar Lionsklúbbs Vestmannaeyja við athöfnunina sem fór fram í húsnæði Sjónlags hf. í Reykjavík.

Frá Sjónlagi voru Jónmundur Gunnar Guðmundsson framkvæmdastjóri, Ólafur Már Björnsson augnlæknir og Óskar Jónsson augnlæknir. Frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands voru Díana Óskarsdóttir forstjóri HSU og Ari

Sigurðsson framkvæmdastjóri fjármála hjá HSU.

Afgreiðslutími tækjanna áætlaður um 4 til 6 vikur

Fjármögnun er fullklárud og læknaráð Sjónlags hf hafa valið samsetningu á tækjabúnaði sem hentar best fyrir augnlæknastofuna í Vestmannaeyjum. Þessi tækjabúnaður er af nýjustu og fullkomnustu gerð og samanstendur af augnsjá, tölvustýrðum sjónmæli/sjónsviðsmæli, augnbotnamyndavél/sneiðmyndavél til greiningar og rannsóknar á sjónhimnukvillum gláku og hrömunarsjúkdómum í augnbotnum og síðan eru ýmsir fylgihlutir s.s. smásjá, augnspeglar, skoðunarbekkur/stóll og tölvubúnaður til samskipta og greininga við stofuna í Reykjavík. Tækjabúnaðurinn er að fara í pöntun fyrir okkur Eyjamenn og er afgreiðslutími tækjanna áætlaður um 4 til 6 vikur.

Jónmundur Gunnar framkvæmdastjóri Sjónlags hf. fór með okkur í skoðunarferð um húsnæði fyrirtækisins og skýrði út fyrir okkur aðstöðuna sem er stórglæsileg og fór yfir allt vinnuferlið á staðnum. Á þessum vinnustað er fjöldi starfsmanna og eru alls 9 augnlæknar starfandi þar, auk hjúkrunarfræðinga, sjón-tækjafraeðinga, sjúkraliða og skrifstofufólks.

Náðu að fullfjármagna verkefnið á örfáum vikum

Þetta skemmtilega verkefni hófst formlega þann 7. október 2019, þegar Hjörtur Kristjánsson yfirlæknir kallaði okkur nokkra stjórnar-

menn Lionsklúbbs Vestmannaeyja á sinn fund og kynnti verkefnið fyrir okkur og óskaði eftir aðstoð til að fara í fjáröflun til að fjármagna tækjakaup fyrir fullkomna augnlæknastofu sem yrði útbúin nútíma búnaði á Heilbrigðisstofnun Suðurlands í Vestmannaeyjum. Hjörtur kvað mikla þörf á slíkri þjónustu í Eyjum og muni stórbæta lífskjör okkar Eyjamanna og spara auk þess mikil útgjöld og ferðalög. Við skoðuðum málið og kölluðum til fundar við okkur stjórn Kvenfélagsins Líknar sem tók hugmyndinni vel og lofaði okkur góðum stuðningi ef við færum í verkefnið. Við leituðum til aðalstjórnar Lions á Íslandi um aðkomu að málefniinu og fengum strax mikla hjálp m.a. við umsókn um styrk til alþjóðahjálparsjóds Lions og eins þurftum við að fá fjóra lionsklúbba á suðurlandi til að vera með okkur í umsókninni, þar sem hámarkstyrkur til hvers klúbbs í verkefni er um 3 milljónir íslenskra króna og með 5 klúbbum gætum við fengið úthlutað þeirri upphæð sem við stefndum að. Þann 20. maí 2019 fengum við jákvætt svar frá sjóðnum um aðkomu hans með helming kostnaðar á tækjabúnaði ef við Vestmannaeyingar gætum aflað sömu upphæðar á móti frá heimamönnum. Við lionsmenn heimsóttum fjölda stofnana og fyrirtækja í Vestmannaeyjum og skýrðum þeim frá þessu stóra verkefni og óskuðum eftir framlagi frá þeim sem LCIF sjóðurinn mundi síðan tvöfalda í upphæð og gekk þessi áætlun frábærlega í alla staði og á örfáum vikum náðum við að fullfjármagna verkefnið.



Verið að leggja lokahönd á aðstöðu

Verkefnið hefur hins vegar tekið langan tíma og stórar og krappar beygjur hafa tafið för og hinar og þessar hindranir dúkkað upp á ólíklegum stöðum. Og núna er komið grænt ljós og undirritun komin á samningablöðin og allir aðilar gríðalega ánægðir með niðurstöðuna og bíða spenntir eftir opnun nýju augnlækna-stofunnar.

Miklar framkvæmdir eru innan hús hjá HSU í Vestmannaeyjum og er verið að leggja lokahönd á aðstöðu fyrir nýju röntgentækin sem verða sett upp kringum 15. mars n.k. og síðan er verið að færa aðalinngang á suðurhlíð austurálmú og útbúa nýja biðstofu fyrir sjúklinga sjúkrahúsins.

Alþjóðahjálparsjóðurinn kom Vestmannaeyjum til hjálpar eftir Heimeyjargosið 1973

Til gamans viljum við minnst þess að 1974 kom alþjóðahjálparsjóður Lions LCIF að opnum nýja Sjúkrahúss Vestmannaeyja og kostaði allan innri búnað stofnunarinnar s.s. sjúkrarúm, allan tækjabúnað til lækninga, tækjabúnað í eldhús og búsáhöld, húsgögn, rúmföt, gardínur og margt fleira og var gjöfin talin vera að andvirði allt að 25 einbýlishúsa. Þetta var stærsta gjöf sem sjóðurinn hafði úthlutað þá frá því hann var stofnaður og nú 47 árum síðar njótum við hans aðstoðar.

LCIF alþjóðahjálparsjóður Lions var stofnaður árið 1968 og er viðurkennd alþjóðleg

mannúðarsamtök og stærst á sviði sjónverndar. Sjóðurinn veitir að meðaltali 30 milljónum Bandaríkjadala á ári .

Til hamingju Vestmannaeyingar með þessar nýju umbætur og tækjakost.

*Lionsklúbbur Vestmannaeyja
Sigmar Georgsson formaður verkefnanefndar
L.V.
Óskar Pétur Friðriksson ljósmyndari*


sjónlag




HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUDURLANDS

Undirritun samnings um fjarþjónustu á sviði augnlækninga í Vestmannaeyjum

Bakhjarl verkefnisins LIONSHREYFINGIN

Með styrk frá Vestmannaeyingum, Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Heilbrigðisráðuneyti og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Sitjandi umdæmisstjóri 109 B

Anna Fr. Blöndal

Umdæmisstjóri 109 B



Mars mánuður tileinkaður samstarfi Sameinuðu þjóðanna (UN) og Lions. Í ár er fagnað 75 ára farsælu samstarfi sem hófst við undirbúning og stofnun Sameinuðu þjóðanna á Friðarráðstefnunni í París 1946.

Pegar síðari heimsstyrjöldin geisaði horfðu leiðtogar bandalagsþjóða til loka átakanna og áttu viðræður um alþjóðlega stofnun til að tryggja frið í heiminum.

Í febrúar 1945 kom Melvin Jones, stofnandi Lions ásamt leiðtogum fleiri alþjóðlegra hreyfinga saman til fundar í San Francisco til að ræða sáttmála og stofnun Sameinuðu þjóðanna. Lionshreyfingin var í forystuhlutverki við gerð sáttmálans.

Lionsklúbbar fylktu sér að baki hugmyndinni – svo rækilega að eftir Parísarráðstefnuna 1946 sá Trygve Lie fyrsti Aðalritari Sameinuðu þjóðanna ástæðu til að senda þakkarbréf en Alþjóðsamband Lionsklúbba tók virkan þátt við stofnun Sameinuðu þjóðanna í okt. 1945 og hefur Lions átt fulltrúa hjá SP frá 1947.

Lions tekur ekki þátt í hinu pólitíska starfi Sameinuðu þjóðanna en á samstarf við margar deildir þeirra. UNESCO Menningarmálastofnun SP. Öll höfum við heyrt af skráningu á Heimsmínjaskrá UNESCO. Þingvellir og Vatnajökulsþjóðgarður eru t.d. á þeirri skrá. En markmiðið er vernd og varðveisla menningarverðmæta um allan heim.



UNICEF Barnahjálpi t.d. með því að safna fé til þess sem kallað er „Skóli í kassa“ eða „School-in-a-Box“ til að tryggja börnum í neyðaraðstæðum um allan heim tækifæri til að halda áfram að mennta sig og hefja ferlið við endurhæfingu eftir áföll. Hver kassi inniheldur birgðir og efni fyrir kennara

og allt að 40 nemendur. Tilgangurinn er að tryggja áframhaldandi menntun barna fyrstu 72 klukkustundirnar í neyðaraðstæðum.

30 ára samstarf

Meira en 30 ára samstarf Alþjóða hjálparsjóðsins LCIF við WHO Alþjóða heilbrigðismálastofnun SP á sviði sjónverndar. LCIF og WHO hafa samstarfssamning um sameiginlegar aðgerðir í baráttu gegn blindu og sjónskerðingar (Sight first) og forvarna og fræðslu gegn sykursýki. Samkvæmt þessum samningi ber WHO ábyrgð á framkvæmd verkefna og tæknilegu eftirliti, en LCIF sér um fjármögnun, fræðslu og kynningu með þátttöku Lions félaga um allan heim. Við tókum öll þátt í vitundarvakningu um sykursýki II.

Dagur Lions hjá Sameinuðu þjóðunum er haldinn í mars.

Lions er sýndur mikill heiður og streyma Lionsfélagar til New York til að taka þátt í deginum.

Dagskráin er helguð Lions allan daginn og er sérstaklega hátíðlegur.

Mörg Lionslönd halda hátíðlegan SP-dag á sínum heimaslóðum, til að minna á samvinnu Lions og SP á mörgum sviðum t.d. halda Lions á Bretlandi og Írlandi sameiginlega upp á daginn síðan 2000 í Þinghúsinu í London.

Á þessu óformlega þingi er fulltrúum Lions klúbba allan heim boðið að hitta og ræða við sendiherra frá löndum þar sem Lionsklúbbar starfa og einnig fulltrúa mannúðarstofnana Sameinuðu þjóðanna.

Alþjóðaforsæti ávarpar einnig Sameinuðu þjóðirnar árlega og er Lions Clubs International alþjóðahreyfingin sem nýtur þessara forréttinda. 9. mars 2019 var það IP Guðrún Björt Yngvadóttir fyrsti kvenforsæti Lionshreyfingarinnar sem flutti ávarpið.

Í ár verður Dagur Lions hjá Sameinuðu þjóðunum rafrænn 10. apríl frá New York.

Með þessum hlekk er hægt að skrá sig og fylgjast með viðburðinum.

<https://www.lionsclubs.org/en/start-our-approach/lions-advocacy/lions-day-united-nations/new-york>

Ég hvet alla Lionsfélaga til að skrá sig á viðburðinn og taka þátt því samstarf er miklu meira og merkilegra en sést í fljótu bragði.

Svo er fyrirhugaður annar viðburður í lok maí frá Vínarborg sem verður einnig rafrænn.



Fátt er svo með öllu illt að það innifeli ekki einhverja kosti og í rafrænum heimi dagsins í dag geta allir átt þess kost að taka þátt.

Lions International FRÍÐAR Veggspjaldakeppnin

Við hér á Íslandi höfum ekki haldið þessum degi á lofti svo ég viti til og augljósasta tenging okkar við þetta merkilega samstarf og þennan dag er Friðarveggspjaldakeppnin og ritgerðar-samkeppnin sem stofnað var til í nafni þessa samstarfs árið 1988. Á Degi Lions hjá Sameinuðu þjóðunum eru framlög landanna til keppinnar sýnd og verðlaun veitt. Nokkrum sinnum hafa íslensk börn tekið þátt í keppninni og einhver þeirra hlotið viðurkenningar fyrir sitt framlag.



Þessi mynd er frá 2019 og sýnir Guðrúnu gefa Bergdís Ellertsdóttur fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðuþjóðunum friðarveggspjalds-plattann, en hún flutti eina af aðalræðunum og var sérstakur heiðursgestur.

Íslenska sendiráðið studdi viðburðinn.

Myndin er úr safni Guðrúnar Bjartar.

As everyone here is probably aware, this year's Lions international president, Gudrun Yngvadottir, is the association's first female international president.

What you might not know is that she is also our very first international president to come from the Nordic island nation of Iceland.

Today, we are fortunate to have here with us one of her country women – the Permanent Representative of Iceland to the United Nations – Ambassador Bergdís Ellertsdottir.

Þáttaka í keppninni hefur legið niðri undanfarin ár en nú er ætlunin að endurvekja hana og hefur undirbúningur verið í gangi á þessu ári og gengið vel. Stefnt er að því að keppnin geti farið fram á næsta starfsári og

vonumst við auðvitað til þess að sem flestir skólar sjái sér fært að gefa nemendum á aldrinum 11-13 ára tækifæri til þátttöku.

#WomensDay

Á Degi Lions með Sameinuðu þjóðunum 4. mars 2017 var undirrituð viljayfirlýsing (MOU - Memorandum of Understanding) milli UN Women og Lions um að vinna í sameiningu að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. #WomensDay er haldinn árlega 8.mars.

Jafnrétti á öllum sviðum er óvída meira en hér á landi, en það er ekki svo allt of víða þannig að baráttan er rétt að byrja og Lionshreyfingin tekur þátt í henni fyrir hönd allra kvenna.



Í tengslum við UN Women og 65. fundar um stöðu kvenna, stóð Lions Clubs International fyrir netviðburði föstudaginn 19. mars til kynna hvernig Lionshreyfingin styðjur jafnrétti kynjanna og jafnan aðgang að heibrigðisþjónustu.

Meðal framsögumanna var okkar Guðrún Yngvadóttir formaður LCIF ásamt VP Douglas Alexander, PIP Al Brandel, PID Sangeeta Jatia, PDG Jackie Williams, Lion Barbara Bentley og Lion Mildred Rameriz.

Því miður átti ég ekki kost á að sækja þennan viðburð en hef góðar vonir um að upptökur frá viðburðinum komi inn á Virtual Event Center. Þeim upplýsingum verður komið á framfæri um leið og þær berast á Lions.is og Lions mál.

Með lions kveðju
Anna Fr. Blöndal
1VDG 109B
Við leggjum lið



Minning + Erla Wigelund – f: 31.12.1928 – d: 22.02.2021



Það var á árinu 1985 sem leiðir okkar Erlu lágu saman og hún sagði mér (Katrínu) frá stofnun klúbbs fyrir konur innan Lionshreyfingarinnar. Þetta var að undirlagi Lionsklúbbs Reykjavíkur en þar var Kristján, eiginmaður hennar, virkur félagi. Mér leist vel á þetta og þáði boð hennar um inngöngu. Þann 14. ágúst 1985 var klúbburinn okkar stofnaður og fékk nafnið Lionessklúbbur Reykjavíkur. Erla var að sjálfsgöngu fyrsti formaður okkar og stjórnaði klúbbum af miklum skörungsskap

eins og henni einni var lagið. Hugmyndarík og drifandi öll okkar Lionessuár.

Á alþjóðþingi Lions 1987 var gerð mikilvæg breyting, nú máttu konur stofna Lionsklúbba með öllum réttindum hreyfingarinnar. Árið 1990 fæddist Lionsklúbburinn Engey okkur til ánægju og Erla hélt áfram með sinn dugnað í farteskinu. Erla var um tíma formaður Engeyjar og hún var jafnan virk í öllu starfi klúbbsins. Hún var ávallt

reiðubúin að leggja góðu verkefni lið. Erla naut sín vel á fundum og öðrum samkomum klúbbsins þar sem hún var jafnan gleðigjafi. Hún var vel máli farin og góður sögumaður. Ef daufllegt var á fundi lumaði hún gjarnan á góðri gamansögu eða brandara sem létti stemninguna. Það var aldrei leiðinlegt þar sem Erla var og átti hún ríkan þátt í að skapa góðan félagsanda í klúbbum.

Erla fékk ýmsar viðurkenningar fyrir störf sín. Hún var gerð að Melvin Jones féлага árið 1992 og á fundi Engeyjar í apríl 2016 var hún gerð að heiðursféлага fyrir langt og farsælt starf í þágu klúbbsins.

Vegna vanheilsu gat Erla ekki tekið þátt í starfinu með okkur seinustu árin en hún fylgdist með og vildi fá fréttir af starfinu í klúbbum og af félögunum. Við kveðjum Erlu með söknuði og þakklæti fyrir mikilvægt starf hennar í klúbbum og allar skemmtilegu samverustundirnar. Sigrúnu Júlíu og öðrum aðstandendum Erlu sendum við samúðarkveðjur.

E.h. féлага í Lionsklúbbum Engey
Katrín Árnadóttir,
Guðný Björnsdóttir.

Hjálparsjóður
Guðrúnar Bjartar Yngvadóttur
Munum eftir Hjálparsjóðnum,
öll framlög í hann skipta máli.
Upplýsingar eru á skrifstofu Lions

Sitjandi umdæmisstjóri 109 B

Anna Fr. Blöndal

Umdæmisstjóri 109 B



Kæru Lionsfélagar.

Það voru mikil vonbrigði að ekki skyldi takast að halda umdæmisfundina í raunheimum þann 27. mars eins og til stóð. Við höfum þörf fyrir félagsskap annarra, njóta samveru með hvert öðru, skiptast á skoðunum og fá þá örvun huga og sálar sem slík samskipti gefa – Maðurinn einn er ei nema hálfur, með öðrum er hann meiri en hann sjálfur – þó ort sé um samband hests og knapa í ljóði Einars Benediktssonar, Fákar er það jafn satt um samfélag manna. En það þýðir lítið að dvelja við orsakir þess að fundinum var frestað fram yfir páska.

Í þessu hléi sem gafst á ströngum samkomuhöftum náði ég að heimsækja fimm klúbba, Lklylfu á Akureyri, Lkl Hrærek á Árskógsströnd, Lkl Akraness og Lkl Eðnu saman á fundi og síðan stjórn Lkl Öglu í Borgarnesi. Ég er stjórnnum þeirra klúbba og lionsfélögum sem samþykktu beiðni mína um að halda fundi utan hefðbundins fundartíma afar þakklát. Hvort tekst að halda áætlun með aðrar heimsóknir sem eru áætlaðar er undir hælinn lagt. Einnig fékk ég að kíkja inn til þeirra félaga í Lionsklúbbi Akureyrar á afmælinu þeirra 14. apríl

Fundirnir voru óformlegir en farið yfir áherslur Lionshreyfingarinnar í verkefnamálum og félagamálum, mikilvægi LCIF og Campaign 100. Einnig afhentar Monarch Chevron (viðurkenningar) fyrir starfsaldur og ég fékk þann heiður að afhenda Valdemar Þorvaldsyni í Lionsklúbbi Akraness viðurkenningu frá hreyfingunni fyrir kraftmikið starf og félagafjölgun. Fjórir af þessum klúbbum eiga merkis afmæli í ár og allir stofnaðir í aprílmánuði. Lionsklúbbur Akraness, Lionsklúbbur Akureyrar og Lionsklúbburinn



Heiðursmerkið fest í barninn á Valdemari



Stjórn Lkl. Öglu Borgarnesi



Afmælisfundur Lkl. Akureyrar



Lionsklúbburinn Ylfa – langbráður fundur í febrúar.



Hrærekur 65 ára og Lionsklúbburinn Ylfa 10 ára.

Fáir fundir hafa verið haldnir hjá klúbbunum síðan í haust en allir náðu þó a.m.k. einum fundi í upphafi starfsárs en greinilegt að fundarþorsti er farinn að gera vart við sig. Þrátt fyrir þetta hafa klúbbarnir haldið áfram með sín hefðbundnu samfélags verkefni og fjáraflanir. Flestir tóku þeir þátt í verkefnum á landsvísu eins og birkifræs söfnuninni og gleraugna-söfnuninni. Vitundarvakningu um Sykursýki II sem fór fram á netinu og einhverjir tóku þátt í „Örkum“ til vitundarvakningar um sykursýki II.

Það kom einnig fram á þessum fundum að brottfall er minna en maður óttaðist í haust þegar allt lokaðist og nokkuð margir klúbbar með nýja félaga á kantinum sem bíða þess að hægt sé að funda og bjóða þessa nýju félaga velkomna með viðhöfn – gera daginn eftirminnilegan.

Félagamálin voru rædd og samdóma álit að

félagateymi umdæmisins hafi unnið frábært starf bæði við að aðstoða klúbbana við skýrsluskil, þýðingu hjálparefnis sem kemur til með að nýtast vel þegar kynningarstarf og eðlilegt starf byrjar aftur og einnig að styrkja tengsl milli klúbbanna og stjórnar umdæmisins.

Allir klúbbarnir eru í góðri stöðu (Good Standing) að mínu mati og félagsandinn góður, það var gaman að hitta lionsfélaga. Þetta var eitt af þeim embættisverkefnum sem ég hlakkaði mest til að sinna – að hitta félagana á heimavelli og heyra hvað þeir eru að fást við. Flestum finnst áhugaverðara að vinna að verkefnum sem koma heimabyggð til góða. Í öllum samfélögum er þörf fyrir stuðning félagsamtaka eins og Lions. Margir klúbbar eru með verkefni sem snúa að þjónustu við íbúana og til að gera lífið skemmtilegra.

Takk fyrir að taka á móti mér

LCIF aðstoðar vegna Covid-19

Eftir Jamie Weber

Með stuðningi Lions Clubs International Foundation (LCIF) hafa Lionsfélagar víðsvegar um heim tekið höndum saman til að veita sínum nær samfélögum ómetanlega hjálp í baráttunni við COVID-19 heimsfaraldurinn. Lions í Suður-Ontario, Kanada eru þar engin undantekning. Í samræmi við texta þjóðsöngs Kanada hafa Lionsfélagar í umdæmi A-3 „staðið á varðbergi gagnvart íbúunum“ og hjálpað til við að verja heilbrigðisstarfsmenn í fremstu víglínu sem sinna sjúklingum á 44 heilbrigðisstofnunum fyrir Covid-19 sjúklinga.

Framleiðendur hlífðarfatnaðar og persónuhlífa gátu ekki annað eftirspurn þessa eftirsóttá búnaðar og því fór verðið upp úr öllu valdi. Á sama tíma var skortur á hæfu starfsfólki og álagið á þá sem fyrir voru gríðarlegt. Ljóst var orðið að það þurfti utanaðkomandi aðstoð og þá komu Lionsfélagar til bjargar.

Tóku hjúkrunarheimili í „fóstur“

„Í miðju útgöngubanni fréttu Lionsfélagar af sjúkrahúsum sem voru í miklum vanda. Allt yfirfullt af Covid-19 sjúklingum og fjölmargir höfðu látist úr sjúkdómnum. Lionsfélagar voru staðráðnir í að gera allt sem þeir gátu til að bæta ástandið,“ sagði fyrirverandi umdæmisstjóri Susan Taylor.

Með 10.000 dollara neyðarstyrk frá alþjóðahjálparsjóði Lions (LCIF) var hafist handa. Vara umdæmisstjórinn Don Radnor fékk 42 Lionsklúbba til að taka nokkur sjúkrahús í „fóstur“. Meira en 800 Lionsfélagar tóku átt í verkefninu. Með framlagi alþjóðahjálparsjóðs Lions og viðbótarframlögum klubbanna tókst að útvega nauðsynlegan hlífðarbúnað fyrir meira en 2500 framlínu starfsmenn á heilbrigðisstofnunum.

Vegna mikils skorts á hæfu heilbrigðisstarfsfólki aðstoðaði Lions einnig við þjálfun starfsfólks sem síðan gat tekið þátt í að annast um þá sem veikastir voru.

Barnabarn eins Lionsfélagans útbjó þakkarkort með kveðju eins og „Þú ert hetja,“ „Þakka þér fyrir allt sem þú hefur gert“ og fleira í þeim dúr.

Styrkur og von

Þökk sé LCIF og hugrekki og örlæti Lions hafði heilbrigðisstarfsfólk nú nauðsynlegan hlífðarbúnað og margt annað sem þurfti til að geta sinna sjúklingunum á öruggan hátt. „Starfsfólkið öðlaðist líka aukinn styrk vegna orkumikilla máltíða sem Lions útvegað þeim og ekki síður andlegan styrk því þessi óvænta aðstoð skapaði mjög jákvætt andrúmsloft innan stofnanna“ sagði Susan Taylor. „Góð sambönd hafa skapast og flestir þessara Lionsklúbba munu halda áfram að styðja við bakið á sínum heilbrigðisstofnunum. Margar þessara stofnana hafa sent Lions þakkabréf og sagt að þeirra aðstoð hefði bjargað mörgum mannlífum“.

„Ég er ákaflega stolt af Lionsfélögum í umdæmi A-3,“ sagði Taylor. „Varaumdæmisstjórnarnir Don Radnor og Mark Kelso og ég unnu sleitulaust að því að ná árangri í þessu verkefni. Klúbbar urðu skapandi og áttu auðvelt með að þjóna samfélaginu með því að útvega hlífðarbúnað fyrir heilbrigðisstarfsfólkið. Í þessu verkefni sýndu Lionsfélagar svo ekki verður um villst hversu mikils virði Lions er fyrir samfélagið við svona aðstæður“.

Alþjóðahjálparsjóður Lions (LCIF) hefur veitt meira en 350 styrki að fjárhæð samtals meira en 5,2 milljónir Bandaríkjadala vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Styrkir hafa verið veittir til að útvega nauðsynlegan hlífðarbúnað, til matargjafa fyrir fjölskyldur sem misst hafa tekjur, til tækjakaupa fyrir heilbrigðisstofnanir og til þjálfunar starfsfólks.

Alþjóðahjálparsjóður Lions er alltaf til staðar þegar mest á reynir.

Þýðing: Kristinn Hannesson



L I O N S C L U B S I N T E R N A T I O N A L

Meðmælandi



Er mikilvæg ábyrgð

Að vera í Lions Clubs International er mikil ábyrgð. LCI eru öflug samtök með langa sögu sem við erum stolt af. Kjarni þessa árangurs eru tryggir klúbbfélagar sem verja tíma í að hlúa að samfélaginu. Til að viðhalda hreyfingunni verða allir félagar í þínum klúbbi að bjóða og styðja nýja féлага.

Að mæla með nýjum félagum er meira en eitt skref. Að vera meðmælandi í Lions krefst þess að leika nokkur hlutverk:

- Ráðgjafi
- Gestgjafi
- Leiðbeinandi

Ráðgjafi

Nýir félagar eru lífæð klúbbs. Með þeim koma inn nýir hæfileikar, nýjar hugmyndir og nýr áhugi.

Leitaðu að áhugasömu, kraftmiklu fólki sem vill hafa áhrif á samfélagið.

Deildu áhuga þínum og þekkingu á Lions. Segðu þeim hvað Lionsklúbbar eru að gera á staðnum og á landsvísu. Sýndu þeim ...

- Lions.is
- Lions mál á facebook
- Greinar í Lionsblaðinu
- Umfjöllun dagblaða um starfsemi Lions
- Verkefni sem Lions hefur staðið fyrir eða styrkt.



Spurðu hvaða verkefni vekti áhuga þeirra, segðu frá starfi Lions á þínu svæði og að klúbburinn þinn gæti haft áhuga á að standa að nýjum verkefnum á svæðinu.

Vertu undirbúinn að svara spurningum þeirra um klúbbinn þinn.

Bjóddu þeim á viðburði sem klúbburinn þinn styrkir.

Taktu á móti nýju félögunum við innganginn, láttu þeim líða vel og kynntu þá fyrir öðrum Lionsfélögum.

Kynntu þeim kosti aðildar, eins og að kynnst nýju fólki, byggja upp nýja færni og tilfinninguna sem fylgir því að hjálpa öðrum.

Gestgjafi

Að láta væntanlega félagi finna að þeir séu velkomnir og að þátttaka þeirra skipti máli. Sem gestgjafi:

- Bjóddu þeim á félagsfund og bjóddu þeim að sitja hjá þér.
- Passaðu að þeim finnist þeir velkomnir á fundinn. Kynntu þá fyrir klúbbfélögum og gættu þess að þeir sitji við hlið áhugasamra félagi.
- Vertu búinn að biðja formann klúbbsins fyrir fund að leggja sig sérstaklega fram um að taka á móti væntanlegum félögum.
- Reyndu að láta þá taka þátt í fundarumræðunni. Leggðu til að þeir taki þátt í einu af verkefni klúbbsins sem rædd voru á fundinum.

Leiðbeinandi

Ábyrgð meðmælanda lýkur ekki þegar einstaklingur er gerður að félagi. Að hjálpa þeim að vaxa í hreyfingunni þýðir að þeir verði áfram félagar. Sem leiðbeinandi ættir þú að:

- Halda áfram að kynna nýju félagana fyrir öðrum Lionsfélögum og hjálpa þeim að líða sem hluta af hópnun.
- Bjóða að fylgja þeim á fundi. Vertu í sambandi.
- Ganga úr skugga um að þeir fái að tjá hugsanir sínar og hugmyndir.
- Halda áfram að vera hvetjandi og bjóða ráð ef þarf.
- Íhuga að fara í Leiðtogaskólann með nýju félögunum, þar sem þið getið haldið áfram að vaxa sem Lions.
- Hvetja félagana sem þú studdir til að vera virkir og að uppfylla kjörorð Lions:

Við leggjum lið



Framboð til vara fjölumðæmisstjóra MD 109



Framboð Kristófers Tómassonar til vara fjölumðæmisstjóra í umdæmi 109 starfsárið 2021-2022. Kristófer hefur verið félagi í lionsklúbbum Geysi í Biskupstungum frá árinu 1988 að undanskildu hléi frá 1997- 2002. Hann hefur gegnt öllum embættum innan klúbbsins. Formaður 1994-95, 2007-08, og 2014-15. Hann var svæðisstjóri á svæði 4 (Árnessýslu og Vestmannaeyjum) 2008-09 og 2018-19.

Kristófer vara umdæmisstjóri í A umdæmi starfsárið 2011-2012, hann hefur auk þess komið að öðrum verkefnum í A umdæmi og fjölumdæmi. Til að mynda verið umhverfisfulltrúi, félagafulltrúi í fjölumdæminu og umdæmisritari. Hann er þetta starfsárið fulltrúi A umdæmis í Fræðslu og kynningarteymi hreyfingarinnar (GLT). Kristófer var nýverið sæmdur Melvin Jones viðurkenningu af klúbbi sínum.

Kristófer er Árnesingur í föðurætt en Arnfirðingur í móðurætt. Fæddur í Helludal í Biskupstungum árið 1965. Þar ólst hann að hluta til upp, en auk þess í Hveragerði og á Selfossi. Hann lauk námi í húsasmíði 1985 og búfræðiþrófi frá Hvanneyri 1987. Hann stundaði búskap á fæðingarstað sínum í rúman áratug, 1987-1998. Þá tók við nám í viðskiptafræði á Bifröst sem hann lauk um aldamótin. Kristófer starfaði í Selfossútibúí Búnaðarbanka, sem síðar fékk nöfnin Kaupþing og Arion banki um ellefu ára skeið, árin 2001 – 2012. Þar af frá 2008-2012 sem útíbússtjóri. Frá því í mars hefur hann gegnt starfi sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Eiginkona Kristófers er Sigrún Jóna Sigurðardóttir, móttökuritari, grunnskólakennari að mennt. Þau eiga eina dóttur Þorbjörgu Guðrúnu framhaldsskólanema á sautjándra ári. Heimili þeirra er í Laugarási í Bláskógabyggð.

Siðameistarinn í Lions

Embætti siðameistara í Lionsklúbbi er mjög merkilegt. Um leið er það mjög mikilvægt. Það embætti á að halda uppi fjöri og gleði á fundum og á í eðli sínu ekkert skilt við hugtakið siðameistari/protocol stjóri.

Á ensku er þetta embætti kallað Tail Twister. Tail merkir hali, rófa eða skott, og Twist er snúningur. Þannig er þetta embætti í eðli sínu fólgið í að snúa upp á fundinn, fundarstjórnann, félagana með því að stríða, trufla, skemmta. Hllutverkið felur í sér að vera skemmtikraftur og stoppa leiðinlegar ræður, sekta fundargesti fyrir allt mögulegt milli himins og jarðar. Það má sekta fyrir að vera leiðinlegur á fundi, fyrir að mæta ekki með Lionsmerkið í barminum, fyrir að hafa ekki gert eitthvað eða gert eitthvað

sem siðameistara dettur í hug að sekta fyrir. Þetta er auðvitað bara leið til að afla fjár í félagasjóðinn.

Framkvæmd þessara embættisskyldna eru jafn margvíslegar og embættismennirnir eru margir.

Við höfum nú þegar einn aðalsiðameistara sem er hinn eini siðameistari í Lions. Hann kallar sig prótókolstjóra, til aðgreiningar frá embættum hinna siðameistaranna í klúbbunum.

Það er nefnilega bara einn siðameistari í Lions. Hann er kjörinn af fjölumdæmisráðinu (umdæmisstjórar beggja umdæmanna auk fjölumdæmisstjórans hverju sinni).

Fyrir þau okkar sem störfum í öðrum

félagasamtökum kemur þetta embættisheiti okkur spáskt fyrir sjónir og eyru miðað við hvernig það er framkvæmt, því framkvæmdin á ekkert skylt við hugmyndir okkar um siðameistara. Við ættum því að taka upp umræðuna um að finna betra embættisheiti yfir fyrir skemmtanastjórnann/bragðarefinn/brandarakarlinn/trúðinn í klúbbum (Tail Twister).

Jóhanna Thorsteinson

Lionsklúbbur Laugardal

Aðferðin við að fjölga í klúbbum

Þrátt fyrir ástandið undanfarið ár höfum við í Lkl. Laugardals náð að fjölga í klúbbum, og það riflega. Eftir að tveir yfirlög okkur sl. vor ræddum við í stjórninni saman um hverja við gætum fengið inn í klúbbinn. Það er skemmst frá því að segja að við höfum fengið inn sjö nýja féлага og fjórir nýir ætla að ganga til liðs við okkur á næsta fundi. A.m.k. einn í viðbót er volgur.

Við höfum reynt að greina það hvers vegna okkur hefur tekist að fjölga svona, bæði í vetur og sl. áratug, eða svo, frá því við vorum innan við tíu. Líklega má segja að það séu fjórar megin ástæður fyrir fjölgun.

- Vinur sækir vin. Þetta er líklega besta leiðin.
- Brotfluttur sóttir. Við búum við þau gæði að það er stutt á Laugarvatn. Nú býr líklega tæpur helmingur utan sveitarfélags. Allir hafa einhverskonar tengsl við Laugardalinn, fyrrum íbúar, nemar o.þ.h. Eiga jafnvel foreldra/ættingja á svæðinu eða eru með sumarhús. Menn sameinast í bíla og halda spjalli áfram, fyrir og eftir fundi.
- Óformlegir fundir. Við erum afslappaðir, en samt með ákveðin fundarsköp sem alltaf er hægt að liðka til.
- Við fundum bara einu sinni í mánuði. Eftir að við fækkuðum fundum, fjölgaði í klúbbum.

Niels Bjarki Finsen
Formaður Lkl. Laugardals



Lionsklúbburinn Fjörgyn

Þann 11. mars síðastliðinn, heiðruðum við félagarnir í Lkl Fjörgyn sr. Vigfús Þór Árnason fyrir hans mikilvæga framlag til klúbbsins með því að sæma hann Kjaransorðu Lions. Við þetta tækifæri heimsótti okkur Jónas Yngvi Ásgrímsson, umdæmisstjóri 109A, og nældi í Vigfús Kjaransorðuna. Einnig var með okkur svæðisstjóri okkar á svæði 9, Sigurður Karlsson.

Vigfús Þór hefur starfað innan Lionshreyfingarinnar í rúmlega 40 ár. Fyrst í Lionsklúbbi Siglufjarðar og frá árinu 1990 í Lionsklúbbum Fjörgyn í Grafarvogi, en Vigfús var einn af stofnendum klúbbsins. Í báðum þessum klúbbum hefur Vigfús gegnt formennsku.

Vigfús Þór hefur verið lykilmáður við skipulagningu og framkvæmd ýmissa verkefna Fjörgynjar. Má þar nefna svokallaðan Eirdag, sem haldinn var um allan skeið í samstarfi við Lionsklúbbin Fold, þar sem íbúum hjúkrunarheimilisins Eir var boðið upp á tónlistar- og kaffiveislu. Einnig verkefni Fjörgynjar til styrktar bágstöddum fjölskyldum í Grafarvogi í aðdraganda jóla. Loks skal nefna öfluga aðkomu Vigfúsar að árlegum styrktartónleikum Fjörgynjar, en fram til þessa hafa rúmlega 100 tónlistarmenn lagt málefnið lið. Þá hefur Vigfús Þór átt stóran þátt í því að Fjörgyn hefur lánast að hafa trausta umgjörð um starfsemi sína til margra ára í Grafarvogskirkju.

Fyrir allt þetta vilja Fjörgynjarmenn þakka. Með mikilvægu framlagi Vigfúsar og kröftugu félagsstarfi Fjörgynjar, hefur klúbbum tekist að leggja mikilvægum líknarmálum lið í nafni Lions. Vigfús Þór Árnason er verðugur þess að bera Kjaransorðuna, æðstu viðurkenningu Lionshreyfingarinnar á Íslandi.

Tveir Fjörgynjarmenn hafa áður hlotið Kjaransorðuna, en þeir eru Guðmundur Helgi Gunnarsson og Þór Steinarsson. Við þetta tækifæri var tekin mynd af öllum orðuhöfunum. Einnig ávarpaði Eggerti J. Levy, ritari Fjörgynjar, Vigfús á eftirfarandi hátt:

Sr. Vigfús Þór Árnason og fjölskylda
*Vigfús Þór er hjartahlýr
og heillaríkur maður
ástriki í honum býr
ævinlega gláður.*

Með ævarandi þökk, félagar þínir í
Lionsklúbbum Fjörgyn

F.h. Lkl. Fjörgynjar
Sigmar Arnar Steingrímsson
formaður starfsárið 2020-2021



Umdæmisstjóri nælir Kjaransorðuna í Vigfús Þór.



Vigfús Þór með viðurkenningarskjalið.



Kjaransorðuhafar í Fjörgyn ásamt Jónasi Yngva Ásgrímssyni, umdæmisstjóra, og Sigmari Arnari Steingrímssyni, formanni Lkl Fjörgynjar.

Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122. <https://www.lions.is/is/minningarkort>
EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.



Lionsklúbbur Laugardals

Það á við um starfsemi Lionsklúbbs Laugardals eins og væntanlega annarra klúbba, að starfsemin hefur bara alls ekki verið með hefðbundnu sniði þennan veturinn. Það var undarlegt að klára síðastliðinn vetur með því að hittast við tölvuskjáinn heima og að þurfa svo að gera það áfram megnið af þessum vetri leit alls ekki vel út í fyrstu. En tilfellið er að við höfum að minnsta kosti alls ekki látið það stoppa okkur og svo merkilegt sem það nú er, að þá stefnir í að við náum að taka inn að minnsta kosti 10 nýja félaga í vetur. Það hefur verið svo að segja fastur liður á hverjum fundi að taka inn 1-2 nýja og verður að segjast að við erum nokkuð stoltir af því. Nú spyrja líklega einhverjir hvernig standi eiginlega á þessari öru fjölgun og á því eru nokkrar skýringar og kannski rétt að kasta hér fram því sem við teljum að hafi virkað best hjá okkur allavega. Aðstæður eru auðvitað mismunandi og ekki víst að það sama henti alls staðar, það verður hver og einn klúbbur að skoða í sínu nærumhverfi.

Fyrir nokkrum árum stefndi í að Lionsklúbbur Laugardals heyrði sögunni til, það var alveg rætt milli þeirra tæplega 10 sem eftir voru í klúbbnum þá hvort við ættum að sameinast öðrum hvorum nágrennasklúbbnum, leggja klúbbinn niður eða gera einhverjar róttækar breytingar sem kannski myndu skila sér í fjölgun félaga. Á þeim tíma voru tveir fundir í mánuði og stjórnarfundur heima hjá formanni fyrir fyrri fundinn. Sá fyrri var síðan svona fundur þar sem farið er yfir póst og starfið rætt, seinni fundur alltaf dagskrárfundur þar sem einhver félaginn sá um dagskrá að eigin vali. Þetta þótti full stírt og formfast þannig að við ákváðum að sleppa formlegum stjórnarfundum og fækka almennum fundum í einn í mánuði. Þá fengum við líka á sama tíma ungan hressan mann úr sveitinni í klúbbinn sem svo fljótlega dró fleiri með sér. Í framhaldi af því datt mönnum í hug að þetta væri kannski kjörinn vettvangur fyrir menn sem hefðu alist upp á Laugarvatni eða nágrenni, en væru fluttir í bæinn, til að renna austur einu sinni í mánuði og halda þannig tengslum við staðinn. Þetta hefur gefist svo vel að það hefur verið stöðug fjölgun, og þar að auki hafa komið í klúbbinn menn sem stunduðu nám við Menntaskólann fyrir 20-30 árum en þekkja enn fólk hér og koma líka. Þannig hefur meðalaldur klúbbsins lækkað mjög og er nú ekki nema um fimmtugt að meðaltali sem þykir víst í lægri kantinum miðað við landsmeðaltalið án þess að hafi nú verið gerð vísindaleg úttekt á því. Nú er svo komið að um helmingur félaga kemur úr Reykjavík og nágrenni, en það er lítið mál að sameinast í bíla og bara gaman að spjalla á leiðinni austur. Að sama skapi er ljóst að við munum halda að minnsta kosti einn fund á ári í Reykjavík til að koma til móts við þá og við látum okkur ekki leiðast á leiðinni til þeirra.

Við höfum reynt að hafa fundina líflega, héldum jafnvel bjórkvöld við tölvuskjáinn og á síðasta fundi sem var sá fyrsti sem við sátum saman við borð í tæpt ár, fengum við Jóhannes Sveinbjörnsson frá Heiðabæ, ágætan féлага okkar til að halda erindi um fæðuöryggi Íslands. Framundan er mikið af verkefnum sem tengjast mörg hver umhverfisvernd. Við munum taka þátt í Vorviðarverkefninu og fengum úthlutað um 20 hektara svæði hér hjá skógræktinni. Einnig sjáum við um umhirðu á grafreitnum á Laugarvatni og svo eru verkefni fyrir skógræktina og sumarhúsa eigendur sem bíða með vorinu. Við gleymum ekki félagsstarfinu og vökvum lífsblómið af og til, fyrir liggur vorferð um nærsveitir og haustferð verður farin fljótlega eftir að nýr vetur hefst. Það er því bjart yfir Lionsklúbbi Laugardals og við sendum okkar bestu lionskveðjur til allra okkar félaga um landsins byggðir.

F.h. Lionsklúbbs Laugardals
Pálmi Hilmarsson



Lionsfundur á Teams, þetta var bara alls ekki svo slæmt.



Lionsfundur í Eyvindartungu, nýjum sal í nágrenni Laugarvatns.



Guðmundur Rafnar Valtýsson og Hilmar Einarsson, tveir af stofnfélögum klúbbsins skipuleggja dreifingu á kurlí á skógarstíga.



Sigurður Rafn Hilmarsson spilar á nikkuna í haustferð fyrir fáum árum í rítunni á heimleið.

Lionsklúbbur Hornafjarðar



Lionsklúbbur Hornafjarðar færði hjúkrunarheimilinu Skjólgarði góða gjöf þriðjudaginn 16. mars síðastliðinn er lionsmenn afhentu Jóhönnu Sigríði Sveinsdóttur, hjúkrunarstjóra Skjólgarðs, 6 Samsung spjaldtölvur með hulstrum.

„Þetta mun koma sér vel í að efla gæði þjónustunnar sem við veitum, afþreyingu fyrir heimilismenn en ekki síður tengingu við aðstandendur sem búa fjarri Hornafirði.“ segir Jóhanna.

Lionsklúbburinn Úa



Lkl. Úa í Mosfellsbæ situr sannarlega ekki Lauðum höndum. Hin ýmsu verkefni sem við höfum staðið fyrir undanfarin ár bíða betri tíma og þá er gott að hugsa út fyrir boxið og finna ný verkefni.

Eitt af þessum verkefnum okkar er að mæta sem módel hjá nemendum Háarakademiunnar. Háarakademían er staðsett í Mörkinni í Reykjavík og er skóli sem býður upp á nám í

hársnyrtiiðn sem undirbýr nemendur til sveinsprófs í greininni og hefur starfað frá 2014.

Nemendur eru t.d. með facebook hóp þar sem þau setja inn upplýsingar og óskir um það sem er á döfinni hverju sinni og mjög einfalt er að skrá sig hjá þeim. Með þessu teljum við okkur vera að styðja við og styrkja ungt fólk til náms og eru þarna hverju sinni nemendur úr okkar heimabyggð.

Meðfylgjandi eru myndir af Önnu Maríu og Kristínu í og við húsnæði Háarakademiunnar.

Ég vil að lokum minna á að allt sem við gerum sem Lions eða í nafni Lions eru sannarlega verkefni – bæði stór sem smá.




Sigríður Guðmundsdóttir

GMT (félagafulltrúi) 109B og aðstoðarmaður stjórnar (club administrator) í Lkl.Úu



Apríl – myndasíða







GMT – konur í Lions

Mánudaginn 8. mars, á alþjóðlegum Baráttudegi kvenna, stóð GMT teymi MD109 fyrir Góugleði á Zoom. Dagskráin var með hefðbundnu sniði, þrátt fyrir að vera haldin á netinu. Sigríð Andradóttir, GMT-konur í Lions, ávarpaði fundargesti og við fengum unga konu Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur, verkefnastjóra atvinnu-, markaðs- og ferðamála hjá Dalabyggð, til að segja okkur frá því hvernig það „atvikaðist“ hjá henni að fara úr því að vera fjósastelpa í sveit í að verða alþingismaður. Kristín Hafsteinsdóttir, eigandi verslunarinnar LINDIN á Selfossi, hélt „tískusýningu“ með því að sýna okkur tískumyndir og spjalla við okkur um sumartískuna. Eftir stutt hlé sagði Guðrún Björt Yngvadóttir okkur frá lífi sínu og þeim breytingum sem hafa orðið hjá henni og Jóni Bjarna Þorsteinsyni eiginmanni hennar eftir að hún ákvað að bjóða sig fram sem annar vara alþjóðaforseta í Lionshreyfingunni.

Pegar Guðrún var vara alþjóðaforseti kom að máli við hana írskur lionsmaður Sean Olohan og vildi semja fyrir hana lag sem yrði hennar einkennislög sem úr varð. Við báðum Porkel Cýrusson að syngja lagið inn fyrir okkur

og útbúa myndband með myndum frá forsetatíð Guðrúnar. Útkoman var síðan sýnd á skemmtuninni. Góugleðinni lauk með happaðrætti. Vinningar komu úr ýmsum áttum, frá lionsfélögum og fyrirtækjum. Sigríður Guðmundsdóttir, GMT fulltrúi 109B, stýrði happaðrættinu af mikilli röggsemi með hjálp Jóns Pálmasonar, GMT fulltrúa í 109A, en hann var tæknistjórinn okkar á skemmtuninni.

Á milli 60 – 70 manns sóttu skemmtunina.

- GMT fulltrúar MD 109
- Geirþrúður Fanney Bogadóttir GMT MD 109
- Sigríð Andradóttir GMT konur í Lions MD 109
- Íris Bettý Alfreðsdóttir New Voices MD 109
- Jón Pálmason GMT 109A
- Sigríður Guðmundsdóttir GMT 109B



Vinningshafinn Aðalheiður Erna Gústafsdóttir í Lkl. Úa, Mosfellssbæ

LIONS á Íslandi

Gjafabréf: Einkatími í bandvefslösum kr. 13.990,-
Gjafabréf: Nuðdölboltur kr. 4.000,-



- Bandvefslösum hefur höll það ógíf mörugum að líða betur í eigin líkama og hleika er ein af þeim.
- Eftir að hefu lent í slýni og verið frá vinnu í 14 ár fékk hún ómátt tækifæri.
- Hleika fór í fyrsta tímann í viðfærni árið 2014 og ómátt þessur dróm varð að þessu gótt hjálpað henni þó langaði hana að taka kennarastíðni og hjálpa öðrum að líða betur.
- Hleika útskrifaðist sem einkagættari 2018 og 2019 sem kennari í bandvefslösum.
- Hleika býður upp á tíma í bandvefslösum og eru tímarar snúðar að þessum hætti og einn hvort sem um er að ræða einka- eða hjólmá.
- Láttu þér líða betur í eigin líkama.
- Hleika Guðmundsdóttir
- <https://www.bandvefslösum.is/>

LIONS á Íslandi

Gjafabréf í verslun kr.8.000,-
Gjafakarfa að verðmæti kr.5.000,-



Bilsmásmáttar ehf í Grimsbæ hefur verið í eigu hjónanna Helgu Kristjámsdóttur og Leifs Guðjónssonar frá því 1. júlí 2015.

Helga er ein af stofnendum Lionsklúbbsins Úa í Mosfellssbæ

LIONS á Íslandi

Gjafabréf að upphæð kr.8.000,-



Jómfrúin í Lækjargötu hefur starfað óslitið í 27 ár og býður upp á mikið úrval af dönsku smúrbráði í bland við klassíska dönska og skandinávíska aðalrétti. Þar er vel tekið á móti öllum, einstaklingum sem og hópum.

Jakob Einar Jakobsson tók strax vel í þá beiðni að styðja við okkar góðu hreyfingu og leggja til



LIONS á Íslandi

Ullarteppi frá ISTEK hf



Istek hf
 Íslenskur textíllánaður hf
 Völuvegur 6, 270
 Mosfellssbæ er ullarvinnslufyrirtæki sem vinnur að því að skapa sem mest verðmæti úr íslenski ull.

Gefandi er okkar einstaki Lionsmaður Kristinn Hennesson

LIONS á Íslandi

Tónastöðin,
 Skipholti 50 D, Reykjavík
 gefur UKULELE og sendir bestu kveðjur til gesta á Góugleði Lions.



Er fellað allt í ljófa líð og landsmenn þiggja sngarntu þú hlítar niðri Tónastöð til að koma þessu.

LIONS á Íslandi

Gjafabréf: að upphæð kr.5.000,-



- Veiklæðunin er veitingastaður í Búardal og býður upp á ljúffengan mat á góðu verði.
- Þar er eitthvað fyrir alla. Kíktu við. Niðknum til að sjá þig!



LIONS á Íslandi

Sjal og vettlingar



Þetta fallega sjal og þæfðu vettlingar eru þrjónaðir og gefnir af Kristínu Davíðsdóttur.

Kristín er ein af stofnendum Lionsklúbbsins Úa í Mosfellssbæ og hefur gengt mörgum hlutverkum og tekið að sér ótal embætti innan hreyfingarinnar.

LIONS á Íslandi

Gjafabréf: að upphæð kr.10.000,-


Félagið rekur um sextíu smávörverslanir víðsvegar um landið.

Víðskiptavinir Samkaupa geta valið á milli helstu verslunaríkjanna félagsins. Þær eru Nettó, Krömbúðin, Iceland, KJÖRBÚÐIN og Samkaup Strax.



LIONS á Íslandi

Gjafabréf 15.000, kr



- Myndprent er lítið fyrirtæki á Alftanesi.
- Þú getur komið með myndir til okkar á stafrænu formi eða við skönnum þær inn fyrir þig.
- Við prentum á pappir, striga og límíða.
- Hægt er að fá myndirnar prentaðar í lit, svarthvítar eða brúntóna.

Lionsklúbburinn Engey

Starfið í klúbbum

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu var ekki unnt að ljúka síðasta starfsári með hefðbundnum hætti og var 30 ára afmælisfundurinn 1. mars 2020 sá síðasti á því starfsári. Á þeim fundi var ætlunin að veita félagi okkar, Katrínu Karlsdóttur Melvin Jones viðurkenningu en þar sem skjöldurinn barst ekki í tæka tíð vegna Covid-19, færðu félagar úr stjórninni Katrínu viðurkenninguna á heimili hennar í júní.

Fyrsti fundur starfsársins 2020-2021 var haldinn í Kringlukuránni 14. september. Á þeim fundi voru veittar tvær viðurkenningar fyrir 30 ára viðveru í klúbbum og ein fyrir 20 ára viðveru. Einnig fengu tveir félagar, þær Ása Fanney Þorgeirsdóttir og Katrín Karlsdóttir afhent Kjarans gullmerki og blóm í tilefni stórafmælis og þeim þökkud góð og óeigingjörn störf í klúbbum frá upphafi. Á fundinum fóru fram stjórnarskipti og rædd voru drög að væntanlegu starfi klúbbsins á nýbyrjuðu starfsári.

Fundir klúbbsins eru haldnir annan mánudag hvers mánaðar í Kringlukuránni auk þess sem félagar hittast í annarri samveru. Félagar sem tók hafa á, koma saman flesta aðra mánudaga í Lionsheimilinu og vinna að ýmsum hannyrðum sem m.a. er gefið til Hjálparstarfs kirkjunnar og Rauða krossins.

Í lok september heimsóttum við Kínasafn Unnar Guðjónsdóttur. Þar má sjá marga merkilega alda gamla kínverska muni úr ýmsum eignum, m.a. keramik, bronsi, filabeini, postulíni og silki, einnig bauð Unnur okkur upp á góðar veitingar á heimili sínu. Þetta var ákaflega skemmtileg og líflæg heimsókn.

Vegna veirunnar vondu féllu niður jólafundurinn, sem jafnan er haldinn á heimili klúbbsfélaga, svo og árlegt þorablót klúbbsins í janúar.

Á fundi sem haldinn var í janúar sl. fór fram hefðbundin inntaka nýs félaga, er það fagnaðarefni að fá Karitas Kristjánsdóttur til liðs við klúbbinn og er hún boðin velkomin.

Gestur fundarins í febrúar var Einar Þór Jónsson. Hann sagði frá ævi sinni sem hefur verið mjög viðburðarrík en líka erfið. Hann fæddist í Bolungarvík 1959, missti móður sína 12 ára, og þurfti að berjast fyrir sjálfum sér og takast á við erfiðan móðurmissi og samkynhneigð. Þetta var ákaflega fróðlegt og fræðandi erindi og úr spunnust margra sögur og umræður. Þá var Sigríði Vigfúsdóttur afhent Kjaransmerki og blóm í tilefni stórafmælis síns.

Á fundi klúbbsins 8. mars flutti Halldóra Þorvaldsdóttir formaður, greinargóð og hlýleg minningarorð um Erlu Wigelund sem er nýlátin. Erla var eini heiðursfélagi klúbbsins.

Þá áttu félagar góða kvöldstund í Salnum í Kópavogi og hlýddu á tónleika með Sigu Beinteins, Guðrínu Gunnars og Jogvan Hansen, flytja vinsælustu lög Sigfúsar Halldórssonar.

Fjáraflanir klúbbsins hafa legið niðri allt starfsárið því þær helstu eru kökubasarar og happdrætti á Þorablóti. En við sitjum ekki auðum höndum, eins og áður kom fram er mikill metnaður lagður í hannyrðir, og var Hjálparstarfi kirkjunnar færðar að gjöf 215 ullarflíkur og teppi sem félagar hafa þrjónað og heklað. Við tókum þátt í gleraugnasöfnun Lions og gengur sú söfnun vel. Þá tók klúbburinn þátt í landsátaki um söfnun birkifræs.

Við gerum okkur vonir um að hægt verði að ljúka starfsárinu og komist verði fyrir vöxt veirunnar með aukinni vörn og bólusetningu.

Við erum fullar bjartsýni – með Lionskveðju!

*F.h. Veitinga- og dagskrárnefndar
Ásdís Kristinsdóttir*



Sigríður Vigfúsdóttir, Ása Fanney Þorgeirsdóttir, Katrín Karlsdóttir og Halldóra Þorvaldsdóttir formaður



Sigríður Vigfúsdóttir fo. formaður og Katrín Karlsdóttir




Guðrún Þorvaldsdóttir, Karitas Kristjánsdóttir og Halldóra Þorvaldsdóttir



Stjórnarskipti



Afhent Hjálparstarfi kirkjunnar



Handavinnuuppstilling



Heiðrún Rútsdóttir



Sigríður Einarsdóttir varaformaður og Sigríður Vigfúsdóttir

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar 65 ára



Minningarsteinn um látna félagi sem settur var niður í gróðurreit LkH.

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar verður 65. ára nú í apríl. Þegar klúbburinn var stofnaður voru markmiðin sett hátt og tilgangurinn var skýr. Stofnfélagar voru baráttumenn, höfðu hugsjónir og vildu láta gott af sér leiða. Í Lions hreyfingunni fundu félagarnir áhugamálum sínum farveg, það var brugðist fljótt við, hlúð var að sjúkum og stutt við þá er minna máttu sín. Í dag eru verkefnið að hluta til þau sömu og voru fyrir sextíu og fimm árum, aðrir og nýir félagar hafa tekið við keflinu, eftir klúbbinn til starfa og hafa víða komið við í störfum sínum. Það voru fimmtán sem komu saman 14 apríl og stofnuðu klúbbinn en segja má að þeir Albert Guðmundsson, knattspyrnumaður og Axel Kristjánsson, forstjóri í RAFHA hafi drifið í stofnun hans að frumkvæði Magnúsar Kjarans, stórkaupmans og félagi í Lk. Reykjavíkur. Fljótlega eftir stofnun hans fjölgaði félögum. Í dag eru klúbbfélagar 33 talsins, meðalaldur klúbbfélagi í dag er 75,7 ár. Við höfum haldið 1067





klúbbfundi á þessum árum, fimmtíu og þrjár hafa verið formenn í eitt ár eða oftar og 238 félagar gengið í klúbbinn frá upphafi.

LKH fékk á síðasta ári 100% viðurkenningu sem Melvin Jones klúbbur, sem þýðir að allir klúbbfélagar eru nú Melvin Jones félagar og fékk klúbburinn sendan sérstakan fána frá Lions International, því til staðfestingar, í febrúar gerðist klúbburinn Model klúbbur með því að greiða sem svarar 500 usd á félagi til LCIF. Klúbburinn hefur látið mikið til sín taka í yfirstjórn Lions á Íslandi og hefur átt fimm fjölmæmisstjóra og sjö umdæmisstjóra auk svæðisstjóra og annarra stjórnarmanna. Á árunum 1971 til 1972 var félagi okkar Ásgeir Ólafsson umdæmisstjóri í umdæmi 109. Hann var einnig formaður nefndar umdæmisins um sölu á Rauðri fjöður sem var fyrsta sameiginlega fjárflyunarverkefni allra íslenskra Lions manna. Aðal fjárflyun okkar í dag er sala á barmmerki okkar „Gaflarinn“ sem hefur farið fram á hverju ári, síðustu 22 árin. Áður voru ýmsar fjáraflanir í gangi, m.a. mótahreinsun, bíósýningar, farið til sjós og peru- og jólapappírssala í desember, þegar verið var að pakka inn jólapappír var oft mikið fjör hjá félögum og allir mættir. Bæjarbúar tóku okkur alltaf jafn vel þegar farið var að selja og sumum fannst jólin fyrst komin þegar Lions félagar komu og buðu jólapappír.

Verkefni okkar hafa verið að af ýmsum toga í gegnum þessi mörgu skemmtilegu ár. Fyrstu verkefni sneru að börnum, við gáfum leiktæki til leikskólans á Hörðuvöllum og Kaldárseli. Upphaldsverkefni okkar var og telja má það merkilegasta, verkefni sem sneri að fötludum börnum, við unnum að því að komið yrði upp aðstöðu fyrir þroskaheft börn í leikskólanum að Víðivöllum sem nefnd var „Kisudeild“, klúbburinn styrkti þá starfsemi allt frá upphafi þar til fyrir nokkrum árum er starfsemiinni var breytt. Við styrkjum skóla í Hafnarfirði, einstaklinga, félög og ýmis samtök, sjúkrahúsin og Hrafnistu, tökum þátt í baráttu

gegn blindu og nú síðast styrktum við Mæðrastyrksnefnd og Björgunarsveit Hafnarfjarðar, svo eitthvað sé nefnt af mörgum góðum verkefnum.

Klúbbstarfið hefur gengið nokkuð vel í gegnum árin, klúbburinn er talinn sterkur klúbbur en hefur eins og aðrir klúbbar mátt þola fækkun félaga. Við erum með tvo fundi í mánuði og eru fundir líflegir og skemmtilegir þar sem fjallað er um verkefni klúbbsins og um hin ýmis Lions mál. Á fundi koma oft gestafyrirlesarar sem fjalla um það sem efst eru á baugi og ýmis fræðiefni. Á „fyrsta ári“ klúbbsins var hver félagi tilnefndur til að annast einn fund og gerði sá þá gjarnan grein fyrir starfi sínu eða helstu áhugamálum. Sérstakur jólafundur er hjá okkur og lokafundur ásamt sumarferðum bæði innanlands og erlendis, þar sem eiginkonur okkar eru ávallt heiðursgestir. Klúbbfélagar hafa einnig fjölmennt á Alþjóðaþing Lions. Ég vil að lokum vitna í orð eins af stofnfélögum klúbbsins, Vilhjálm Skúlasonar, en hann sagði: *Okkur ber siðferðileg skylda til að rétta meðbræðrum okkar hjálparhönd. Sé hún rétt fram með sönnu hugarfari höfum við stuðlað að hamingju annarra og betra mannfélagi. Það hefur Lionshreyfingin gert frá upphafi. Í því felst sannur Lionsfélagi.* Með þessum orðum sendum við félagarnir bestu kveðjur og óskir.

Fríðgeir H. Guðmundsson

Lionsklúbbur Vestmannaeyja

Eftirminnilegt verkefni hjá klúbbum


Viktartorg – frábært framtak Ríkissjónvarpsins og Eyjamanna“



Frosti Gíslason verkefnastjóri kemur á lionsfund og kynnr verkefni okkar. Kerin 3 njóð áberandi á myndinni



Hjálmar, Friðgeir, Sævar og Arnar útbúa burðarvirki úr traustu plankaefti



Fyrsta sjókerið komið á sinn stað

Einskismannsland sem fékk tilgang.

Þórhallur Gunnarsson sjónvarpsmaður átti hugmyndina að verkefninu og stóð um leið að þáttagerð á RÚV fyrir sjónvarpið árið 2012. Nafngiftin VIKTARTORG vísar til gömlu Fiskiðjuviktartorgs sem hefur eins og Fiskiðjan og Ísfélagshúsin beðið eftir hlutverki frá því fiskvinnsla í húsunum lagðist af eftir 1992. Sama má segja um svæðið fyrir framan húsin sem hefur lengið verið geymslusvæði fyrir smábáta og ýmislegt drasl sem tengist útgerðinni. Á þessum liðnu áratugum hafa húsin drabbast niður og umhverfi þeirra um leið og orðið áberandi ljótt sár á bæjarmyndinni. Þetta sáu þeir Þórhallur Gunnarsson sjónvarpsmaður og Sigurður Þorsteinsson hönnuður sem höfðu fegið þá hugmynd að sjá hvað hægt væri að gera með sameiginlegu átaki íbúa og hönnuða í sjálfbæravinnu til að gera bæjarfélag sitt betra og snyrtilegra og gera um leið sjónvarpsfni til að vekja áhuga á bættri umgengni um sameiginlegt svæði okkar. Torgið á að vera tenging hafnarvæðisins og miðbæjarins og skapa þar líf og menningu bæjarbúa og gestkomandi. Sjónvarpið mætti með tókufólk á svæðið og myndaði framkvæmdirnar sem voru í höndum félagasamtaka og allra þeirra bæjarbúa sem

vildu leggja hönd á verkefnið og hafði Frosti Gíslason forstöðumaður Nýsköpunarsjóðs Vestmannaeyja yfirstjórn á kynningu og úthlutun verkefna og útbúa vinnuhópa í hin ýmsu verkefni. Margir voru vantrúaðir á að hægt væri að vinna þetta stóra verkefni á einungis vikutíma, en með góðum undirbúningi, skipulagi og krafti Eyjamanna tókst þetta með því að allir lögðust á eitt að gera þetta með gleðinni. Niðurstaðan var þetta glæsilega svæði sem fékk nafnið Viktartorg og mun það gegna lykilhlutverki í aðkomu að byggðarlaginu og tengja miðbæinn við þá lífæð sem hafnarvæðið er.

Frosti Gíslason mætti á lionsfund hjá okkur og var með kynningu á verkefninu og mælti eindregið með því að Lionsmenn tækju stærsta og vinnumesta verkefnið að sér, þar sem fjöldi trésmiða væru í klúbbum. Hann sannfærði okkur félagana um að taka þetta verkefni að okkur, þar sem þetta væri miðja verkefnisins og hefði mesta aðdráttarafl gesta. Verkefnið okkar var að smíða stóran pall umhverfis og milli þriggja risastórra sjókerja. Sjókerin 3 eru gríðalega stór og mikið mannvirki sem þau hvíla á og nýttast bæði sem sýningaker með lifandi fiskum frá Náttúrugripasafninu og einnig busluker fyrir krakkana. Afhenti Frost

okkur vel útfærðar vinnuteikningar og heimild til úttektar á gríðalegu magni af plankaefti og pallaefni og þar hefðum við strax átt að sjá hversu viðarmikið verkefni þetta væri. Við Lionsmenn lögðum á okkur ómælda vinnu á hverju kvöldi í heila viku og alla helgina þegar vígsla torgsins fór fram og unnum að lokafrágangi með tugi manna yfir okkur. Bræðurnir Arnar Andersen og Gunnar Andersen stjórnuðu verkinu af festu og myndarskap og var samanlögð vinna okkar yfir 200 vinnustundir og komu alls 19 lionsmenn að smíðavinnunni. Síðast liðið sumar var hafin endurskipulagning á svæðinu og öll mannvirkin sem reist voru árið 2012 fjarlægð og nú er búið að skipuleggja enn glæsilegra svæði með sölubás, yfirbyggðu útisviði, barnaleiktækjum og sögutorgi. Fiskvinnsluhúsin hafa líka öðlast nýtt líf með mörgum glæsilegum íbúðum, háskólasetri, bakaríi og Gestastofa Sea Life Trust hefur opnað þar glæsilega aðstöðu fyrir lifandi fiska í búrum, stóra vatnsþró fyrir mjaldrasystemar frá Kína og björgunarmiðstöð fyrir lunda og sjávardýr.

Sigmar Georgsson form. verkefnaneftdar
Óskar Pétur Friðriksson ljósmyndari



Lionsmenn stilla sér upp fyrir myndatöku



Verkið komið vel af stað og menn kommir hver í sitt hlutverk



Öll kerin komin á sinn stað og byrjað að klæða göngupalla



Þórhallur Gunnarsson sjóvarpsmaður ávarpar gesti og gangandi



Gunna Dís Þáttastjórnandi hjá Rúv tekur viðtal við lionsfélagann Arnar Andersen t.v og Ingimar Georgsson t.h.



Bræðurnir Gunnar Andersen t.v og Arnar Anersen t.h. stjórnðu vinnu okkar lionsmanna af festu og öryggi



Veitingar í boði fyrir vinnandi fólk og gesti sem fylgjast með verkinu



Lifandi fiskum komið fyrir í sjókerjunum frá Náttúrugripasafni Vestmannaeyja



Humar og kolinn kanna nýju heimkynni sín



Páll Marvín frá Þekkingasetri Vestmannaeyja kannar ástand humars og sjóvarpíð myndar




Börnin fengu aðstöðu í einu kerjanna til að busla að völd



Sigurður Smári skipulags- og byggingafulltrúi t.v. ræðir við lionsmennina Jóhannes Grettisson, Arnar Andersen og Gunnar Andersen



Kerín Þrjú og Fiskiðjan í baksýn og er skreitt með risamyndum af fiskivinnslustúlkum



Lokametarnir við frágang klæðningar og fjöldi fólks að fylgjast með verkinu



Geymslusæðið áður en vinnan hófst við Viktartorg



Saltfisksvagnar og gangbraut með saltfiskmunstri leida fólk og tengja við miðbæinn




Sjókerin og gamli lóðs- og hafnsögubáturinn Léttrir



Nú er verkið að taka á sig endanlega mynd.



Hafnsögubáturinn Léttrir byggður í Svíþjóð 1934 sem lóðs og hafnsögubátur fyrir Vestmannaeyjahöfn



Blakkir, stfur og festingar skornar lausar með logsuðutæki



Frá Lionsklúbbum Emblu



Guðrún Guðbjartsd., Katrín Súsanna Björnsd. og Þórdís Eygló Sigurðard. urðu 70 ára 2020 og með þeim á myndinni er Kristjana Björg, formaður.



Nýju Melvin Jones konurnar okkar, Ragnheiður Ágústsd. og María Hauksd. Á milli þeirra er Guðríður Þ Valgeirsd. og er Emblu mamma þeirra.



Margrét Jónsd. og Dagrún Másd. fengu 10 ára afmælistskjal.



Covid Emblufundur, sá eini í langan tíma.



Ragnheiður, Guðríður, Sigríður og Þórdís Eygló, Emblukonur eru duglegar að ganga oft í viku.

Þistillinn frá okkur í þetta sinn verður í styttra lagi enda ekki verið mikið um að vera þessa síðustu mánuði vegna covid. Við höldum einn fund áður en öllu var skellt í lás aftur, það var gaman að hittast á ný en það varði ekki lengi, höfum trú á að þetta fari að lagast. Á þessum fundi veittum við tveimur klúbbfélögum Melvin Jones viðurkenningu, það átti að gera þetta á síðasta starfsári en tókst ekki svo þetta var ánægjuleg stund sem við áttum þarna.

Héldum nokkra fjarfundi á netinu sem tókust vel og margar mættu, þetta er mögnuð tækni sem er um að gera að nota í svona ástandi. Það hefur verið lítið um fjáraflanir á síðasta ári en við hugsum okkur til hreyfings þegar fer að ára betur. Höfum veitt nokkra styrki, styrktum

einstakling um 25 þús., styrktum Kraft, styrktarfélag ungs fólks með krabbamein um 50 þús., styrktum Auðlindina sem er atvinnu- og virknis úræði fyrir ungt fólk sem hefur flosnað upp úr skólakerfinu og gáfum því þrívíddarprentara fyrir 260 þús. og síðan styrktum við Björgunarfélag Árborgar um 500 þús. Það er gott að geta lagt lið þar sem þörfin er. En við erum bjartsýnar og þannig tókum við á móti komandi sumri sem verður okkur vonandi öllum gjöfult og gott og sendum okkar bestu lionskveðjur um land allt.

Guðrún Guðnadóttir, bl.fltr. Lionsklúbbum Emblu.